

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 280/2024

2025/EES/25/29

frá 6. desember 2024

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og
vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1328 frá 16. maí 2024 um breytingu á XVII. viðauka (viðvíkjandi oktametýlsýklótetrasíloxani (D4), deka-metýlsýklópentasíloxani (D5) og dódekametýlsýklóhexasíloxani (D6)) við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)) ⁽¹⁾.
- II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 12zc (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006) í XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„– **32024 R 1328:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1328 frá 16. maí 2024 (Stjtið. ESB L, 2024/1328, 17.5.2024).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2024/1328, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 7. desember 2024, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild Stjórnartíðinda Evrópusambandsins og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 6. desember 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Anders H. Eide

formaður

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2024/1328, 17.5.2024, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2024/1328/oj>

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.